

7

1. febr.

L Ö G

um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Um sanningsgerð.

1. gr.

Ákvæðum þessa kafla skal beita, ef eigi leiðir annað af löggerningnum sjálfum eða af verzlunartísku eða annari venju.

2. gr.

Hafi sá maður, sem boðizt hefir til að gera samning (tilboðsgjafi), krafizt svars innan ákveðins frests (samþykkisfrests), verður svar, sem tekur tilboðinu (samþykki), að vera komið til hans áður sá frestur sé liðinn.

Sé tilboð gert í bréfi, telst fresturinn frá þeim degi, er bréfið var dagsett. Sé tilboð gert í símskeyti, telst fresturinn frá þeirri stund, er skeytið var afhent á símastöð þess staðar, er það var sent frá.

3. gr.

Hafi sá maður, sem tilboð hefir gert í bréfi eða símskeyti, ekki kveðið á neinn samþykkisfrest, verður samþykkið að vera komið til hans áður en liðinn er sá tími, sem hann mátti ætla að til þess þyrfti, er hann gerði tilboðið. Sé eigi annað ljóst af atvikum málsins, skal frestur þessi reiknaður svo, að gert sé ráð fyrir, að tilboðið komi fram á réttum tíma, að gagnaðili hafi nægilegan tíma til umhugsunar, áður en hann svarar, og að svari hans seinki eigi á leiðinni. Sé tilboð gert í símskeyti, skal einnig svara því með símskeyti, ef svarið kemur eigi jafnsnemma fram með öðrum hætti.

Hafi tilboð verið gert munnlega og frestur eigi veittur til samþykkis, verður að samþykkja það þegar í stað.

4. gr.

Komi samþykki of seint fram, skal skoða það sem nýtt tilboð.

Þetta gildir þó ekki, ef sendandi samþykkisins ætlar, að samþykkið hafi komið fram í tæka tíð og tilboðsgjafa má vera það ljóst. Ef svo er, skal tilboðs-

gjafi skýra sendanda, án ástæðulausrar tafar, frá því, ef hann vill eigi taka samþykkinu. Að öðrum kosti telst samningur gerður.

7

1. febr.

5. gr.

Nú er tilboði hafnað, og skuldbindur það þá eigi tilboðsgjafa lengur, þótt samþykkisfrestur sé enn ekki liðinn.

6. gr.

Svar, sem felur í sér samþykki á tilboði, en vegna viðbótar, takmörkunar eða fyrirvara er í ósamræmi við það, skal skoða sem höfnun hins fyrra tilboðs og um leið sem nýtt tilboð.

Þetta gildir þó ekki, ef sendandi samþykkisins ætlar, að samþykkið sé í samræmi við tilboðið og tilboðsgjafa má vera það ljóst. Ef svo er, skal tilboðsgjafi skýra sendanda frá því, án ástæðulausrar tafar, ef hann vill eigi taka samþykkinu. Að öðrum kosti telst samningur gerður, þess efnis, sem í samþykkinu fólst.

7. gr.

Sé tilboð eða svar við tilboði kallað aftur, er afturköllunin gild, ef hún kom til gagnaðilja áður en eða samtímis því, að tilboðið eða svarið kom til vitundar hans.

8. gr.

Nú hefir tilboðsgjafi lýst því yfir, að hann muni skoða þögn gagnaðilja síns sem samþykki, eða að það er með öðrum hætti ljóst, að hann væntir ekki skýrra svara, og er gagnaðilja þó samt sem áður skylt að svara fyrirspurn um það, hvort hann vilji samþykkja tilboðið. Geri hann það ekki, er tilboðið fallið niður.

9. gr.

Hafi maður sett orðin „án skuldbindingar“, eða önnur orð sömu merkingar, í orðsendingu, sem að öðrum kosti mundi teljast tilboð, þá er sú orðsending eigi tilboð, heldur skal skoða hana sem áskorun um að gera tilboð, þess efnis, sem í orðsendingunni felst. Komi slíkt tilboð, innan sennilegs tíma, frá einhverjum, sem orðsendingunni hefir verið beint til, og sá, sem það tilboð fær, má ætla, að það sé gert vegna orðsendingarinnar, þá skal hann, án ástæðulausrar tafar, skýra tilboðsgjafa frá því, ef hann vill ekki taka tilboðinu. Að öðrum kosti telst hann hafa samþykkt það.

II. KAFLI

Um umboð.

10. gr.

Gerir umboðsmaður löggerning í nafni umbjóðanda og innan takmarka umboðs síns, þá skapar sá löggerningur rétt og skyldu fyrir umbjóðanda, án þess, að frekari löggerningur, frá umboðsmanni eða umbjóðanda, þurfi til að koma.

7 Sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum
1. febr. eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hins innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggæringa, sem innan þeirra takmarka eru.

11. gr.

Hafi umboðsmaður, er hann gerði löggæring, brotið í bág við þau fyrirmæli, er umbjóðandi gaf honum, og hafi þriðja manni verið þetta ljóst eða mátt vera það ljóst, þá er sá löggæringur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðanda, enda þótt hann sé innan takmarka umboðsins.

Sama gildir, enda þótt þriðji maður sé grandlaus, ef um þau umboð er að ræða, sem getið er í 18. gr.

12. gr.

Nú vill umbjóðandi afturkalla eitthvert umboða þeirra, sem ræðir um í 13.—16. gr., og skal hann þá gæta þess, sem fyrir er mælt í greinum þessum, eftir því sem við á, og það eins, þótt hann hafi skýrt umboðsmanninum frá því, að umboðið skuli eigi lengur vera í gildi. Eigi fyrirmæli fleiri en einnar af greinum þessum við um sama umboð, skal þeirra allra gæta.

Hafi umboð verið kallað aftur með þeim hætti, sem segir í 13. gr., þá getur þriðji maður sá, er þá afturköllun fékk, eigi borið það fyrir sig, að umboðið hefði einnig átt að afturkalla með öðrum hætti.

13. gr.

Hafi umbjóðandi komið umboðinu til vitundar þriðja manns með yfirlýsingu, sem beint var til þess manns sérstaklega, þá er það umboð afturkallað, er sérstök yfirlýsing umbjóðanda, um að það skuli eigi gilda lengur, er komin til þess þriðja manns.

14. gr.

Umboð, sem umbjóðandi hefir birt í blöðum eða með öðrum álika almennum hætti, verður afturkallað með yfirlýsingu, er birt sé með sama hætti og umboðið var birt.

Verði því eigi við komið, skal birta afturköllun umboðsins með öðrum álika tryggilegum hætti. Ef umbjóðandi óskar þess, getur hann fengið fyrirmæli valdsmanns þess, er getur um í 17. gr., um það, hversu birtingu þessari skuli hagað.

Þinglýsing umboðs telst ekki almenn birting þess.

15. gr.

Umboð þau, sem ræðir um í 2. málsg. 10. gr., teljast afturkölluð, er umboðsmaðurinn lætur af starfanum.

16. gr.

7

Skriflegt umboð, sem fengið er umboðsmanni í hendur, til þess að hann sýni það þriðja manni, er afturkallað, ef því, eftir kröfu umbjóðanda, er skilað honum aftur eða það er eyðilagt.

1. febr.

Umboðsmanni er skylt að skila umboðinu aftur, er umbjóðandi krefst þess.

17. gr.

Nú leiðir umbjóðandi líkur að því, að umboð, slikt sem um er rætt í 16. gr., sé glatað eða að hann af öðrum ástæðum geti ekki fengið það aftur innan hæfilegs tíma, og má þá fá það lýst ógilt.

Beiðni um ógildingu skal senda héraðsdómara á lögheimili umbjóðanda eða á þeim stað, er umbjóðandi síðast átti lögheimili. Þyki dómara ástæða til þess að taka beiðnina til greina, gefur hann út úrskurð um, að umboðið skuli vera ógilt, þegar úrskurðurinn hefir verið birtur í Lögbirtingablaðinu einu sinni og liðinn er tiltekinn tími, sem eigi má vera lengri en 14 dagar frá þeirri birtingu. Dómarinn getur kveðið svo á í úrskurðinum, að hann skuli, auk birtingarinnar í Lögbirtingablaðinu, einnig birtur með öðrum hætti.

Úrskurði dómara samkvæmt grein þessari verður eigi áfrýjað til æðra dóms.

18. gr.

Umboð, sem felst aðeins í yfirlýsingu umbjóðanda til umboðsmannsins, verður afturkallað, er yfirlýsing umbjóðanda, um að umboðið skuli eigi gilda framar, er komin til umboðsmannsins.

19. gr.

Nú hefir umboð verið afturkallað eða lýst ógilt, en umbjóðandi hefir sérstaka ástæðu til að ætla, að umboðsmaður muni samt sem áður gera löggerning sin vegna við ákveðinn þriðja mann, sem umbjóðandi má ætla, að sé ókunnugt um, að umboðið er fallið úr gildi, og verður hann þá að skýra þriðja manni frá því, ef honum er það unnt. Að öðrum kosti verður löggerningurinn skuldbindandi fyrir hann, ef þriðji maður var grandlaus.

20. gr.

Nú hefir umboð hvorki verið afturkallað né lýst ógilt, en umbjóðandi hefir bannað umboðsmanninum að nota það eða á annan veg gefið til kynna, að hann vilji eigi, að umboðið sé lengur í gildi, og verður þá löggerningur, sem umboðsmaðurinn gerir samkvæmt því umboði, eigi skuldbindandi fyrir umbjóðanda, ef þriðja manni var þetta kunnugt eða honum mátti vera það kunnugt.

21. gr.

Andist umbjóðandi, heldur umboðið samt sem áður gildi sínu, nema sérstakar ástæður sýni, að það skuli falla úr gildi. Löggerningur, sem umboðsmaðurinn gerir samkvæmt umboðinu, verður þó jafnan gildur gagnvart dánarbúi

7 umbjóðanda, ef þriðja manni var ókunnugt um andlát umbjóðanda og áhrif
 1. febr. þess á heimild umboðsmannsins til að gera löggerninginn og eigi varð ætlazt til þess, að honum væri þetta kunnugt. Sé um þau umboð að ræða, sem getur um í 18. gr., er löggerningurinn þó því aðeins gildur, að umboðsmanninum hafi eigi heldur verið um þetta kunnugt eða mátt vera það.

Nú er dánarbú umbjóðanda tekið til opinberrar skiptameðferðar, og fellur þá umboðið úr gildi.

22. gr.

Hafi umbjóðandi verið sviptur lögræði, öðlast þriðji maður ekki frekari rétt á hendur honum, með löggerningi við umboðsmanninn, en hann hefði öðl-
 azt, ef hann hefði gert gerninginn við umbjóðanda sjálfan. Þegar svo stendur á, að þriðji maður hefði eigi getað borið gerninginn fyrir sig gagnvart umbjóðanda, ef hann hefði vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt, þá getur hann eigi heldur borið gerninginn fyrir sig, ef umboðsmanninum var kunnugt um lögræðissviptinguna eða mátti vera um hana kunnugt, er hann gerði gerninginn, og um þau umboð var að ræða, sem getur um í 18. gr.

23. gr.

Ef bú umbjóðanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, öðlast þriðji maður ekki frekari rétt á hendur þrotabúinu, með löggerningi við umboðsmanninn, en hann hefði öðlazt, ef hann hefði gert gerninginn við þrotamanninn sjálfan. Hafi gerningurinn verið gerður samkvæmt umboði, sem ræðir um í 18. gr., getur þriðji maður eigi borið hann fyrir sig, hafi umboðsmanninum verið kunnugt um gjaldþrotin eða mátt vera um þau kunnugt, er hann gerði gerninginn.

24. gr.

Nú hefir umbjóðandi andazt, verið sviptur lögræði eða bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta, og getur þá umboðsmaður samt sem áður gert þá gerninga samkvæmt umboði sínu, sem nauðsynlegir eru til þess að verja búið eða umbjóðanda tjóni, fram til þess, að búið eða lögráðamaður umbjóðanda geta gert þær ráðstafanir, sem gera þarf.

25. gr.

Sá, sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, ábyrgist, að hann hafi nægilegt umboð. Sanni hann eigi, að hann hafi slíkt umboð eða að gerningur sá, sem hann gerði, hafi verið samþykktur af þeim manni, sem hann taldi sig hafa umboð frá, eða að gerningurinn af öðrum ástæðum sé skuldbindandi fyrir þann mann, skal hann bæta það tjón, sem þriðji maður verður fyrir við það, að gerningnum verður eigi beitt gegn þeim manni, sem sagður var vera umbjóðandi.

Þetta gildir þó eigi, ef þriðji maður vissi eða mátti vita, að sá maður, er gerninginn gerði, hafði eigi nægilegt umboð, né heldur, ef sá maður, sem gern-

inginn gerði, fór eftir umboði, sem var ógilt af ástæðum, sem honum var ó- 7
kunnugt um og þriðji maður gat eigi búizt við, að honum væri kunnugt um. 1. febr.

26. gr.

Ákvæði þessa kafla um umboð til að gera löggerninga gilda einnig, eftir því sem við á, um umboð til að taka við löggerningum fyrir umbjóðanda hönd.

27. gr.

Um afturköllun prókúruumboðs, sem tilkynnt hefir verið til verzlunarskrár, fer eftir ákvæðum 7. og 32. gr. laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð frá 13. nóv. 1903. Hafi afturköllunin verið skrásett og birt með lögboðnum hætti, þarf umbjóðandi eigi einnig að kalla umboðið aftur með öðrum hætti.

III. KAFLI

Um ógilda löggerninga.

28. gr.

Hafi maður með ólögmaetum hætti verið neyddur til að gera löggerning, og nauðungin er fólgin í líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað, þá er sá löggerningur eigi skuldbindandi fyrir þann mann, sem neyddur var.

Nú hefir þriðji maður beitt nauðunginni, en sá maður, sem löggerningnum var beint til, var grandlaus, og verður þá sá, sem neyddur var, ef hann vill bera nauðungina fyrir sig, að skýra honum frá því, án ástæðulausrar tafar, eftir að nauðunginni létti af. Að öðrum kosti er hann skuldbundinn samkvæmt löggerningnum.

29. gr.

Hafi maður með ólögmaetum hætti neytt annan mann til að gera löggerning, og þó eigi beitt slíkri nauðung, sem ræðir um í 28. gr., þá er sá löggerningur eigi skuldbindandi fyrir þann, sem neyddur var, ef sá maður, sem tók við löggerningnum, hefir sjálfur beitt nauðunginni eða hann vissi eða mátti vita, að löggerningurinn var gerður vegna ólögmaettrar nauðungar af hálfu annars manns.

30. gr.

Löggerningur skuldbindur eigi þann mann, sem gerði hann, ef hann var fenginn til þess með svikum, og sá maður, sem við löggerningnum tók, beitti sjálfur svikunum eða hann vissi eða mátti vita, að gerningurinn var gerður fyrir svik annars manns.

Hafi sá, sem tók við löggerningnum, sviksamlega skýrt rangt frá atvikum, sem ætla mátti að skiptu máli um löggerninginn, eða hann hefir sviksamlega þagað yfir slíkum atvikum, skal líta svo á, sem gerningurinn hafi verið gerður fyrir þau svik, nema það sannist, að þessi atriði hafi engin áhrif haft um það, að löggerningurinn var gerður.

7

1. febr.

31. gr.

Löggerningur, sem vegna misritunar eða annara mistaka af hálfu þess, er gerði hann, hefir orðið annars efnis en til var ætlazt, er ekki skuldbindandi fyrir þann, sem gerði hann, ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita, að mistök höfðu átt sér stað.

Nú er löggerningur sendur í símskeyti og aflagast hann í meðförum símans, og er hann þá eigi skuldbindandi fyrir sendanda í þeirri mynd, sem hann kemur fram í, og það enda þótt móttakandi sé grandlaus.

Sama gildir, sé munnlegum löggerningi, sem boðbera er falið að skila, skilað röngum.

Eigi sendandi sök á mistökunum, skal honum skylt að bæta móttakanda það tjón, sem hann hefir orðið fyrir af þeim.

Nú fær sendandi vitneskju um mistökin, og skal hann þá, án ástæðulausrar tafar, skýra gagnaðilja frá því, ef hann ætlar að bera þau fyrir sig. Að öðrum kosti gildir löggerningurinn svo sem hann var, er hann kom til móttakanda, nema því aðeins, að móttakandi hafi vitað um mistökin eða mátt um þau vita.

32. gr.

Löggerning, sem ella myndi talinn gildur, getur sá maður, er við honum tók, eigi borið fyrir sig, ef það yrði talið óheiðarlegt, vegna atvika, sem fyrir hendi voru, þegar löggerningurinn kom til vitundar hans, og ætla má að hann hafi haft vitneskju um.

33. gr.

Nú hefir skriflegur löggerningur verið gerður til málamynda, og hefir sá maður, sem við gerningnum tók, framselt grandlausum þriðja manni rétt sinn samkvæmt honum, og verður það þá eigi borið fram gegn þeim manni, að gerningurinn hafi verið gerður til málamynda.

34. gr.

Hafi kröfuhafi gegn vilja sínum misst kvittun fyrir peningaupphæð, er skuldari samt sem áður laus mála, ef hann í grandleysi greiðir, á gjalddaga eða eftir, gegn afhendingu kvittunarinnar.

35. gr.

Hafi maður lofað að greiða peninga eða annað í féviti, ef hann efnir eigi skuldbindingu, sem á honum hvílir, eða ef hann að öðru leyti vinnur eða lætur ógert eitthvert verk, þá má lækka það féviti, ef telja verður bersýnilega ósann-
gjarnt, að það verði greitt að fullu. Skal þá eigi aðeins taka tillit til þess tjóns, sem sá maður bíður, sem rétt á samkvæmt loforði þessu, heldur og til þeirra hagsmuna, sem hann að öðru leyti hefir af því, að verkið sé unnið eða látið ógert, og til annara atvika málsins. Nú hefir slíkt féviti verið greitt fyrirvaralaust, eftir að það var á fallið, og verður það þá eigi aftur heimt samkvæmt þessari grein.

36. gr.

7

1. febr.

Ákvæðum 35. gr. skal beita, eftir því sem við á, ef svo hefir verið kveðið á í samningi, að verði samningnum rift vegna vanefnda annars aðilja, þá skuli hann hafa glatað rétti sínum til að heimta aftur það, sem hann þegar hefir greitt, eða að hann skuli, þrátt fyrir riftun samningsins, inna af hendi greiðslu sína samkvæmt honum.

Sama gildir, ef svo er um samið, að veði eða annari tryggingu, sem sett hefir verið fyrir efndum einhverrar skuldbindingar, skuli fyrirgert, ef skuldbindingin er eigi efnd.

37. gr.

Hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni, að sá maður reki eigi verzlun eða aðra atvinnu, eða að hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loforð eigi bindandi fyrir þann mann, ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé viðtækari en nauðsynlegt er, til þess að varna samkeppni, eða að hún skerði óhæfilega atvinnufrelsi þess manns, sem tókst þessa skyldu á herðar. Við mat á hinu síðastnefnda atriði skal einnig hafa hliðsjón af því, hverju það varðar rétthafann, að skuldbinding þessi sé haldin.

Hafi starfsmaður við verzlun eða annað fyrirtæki tekið á sig slíka skuldbindingu, sem getur um í 1. málsg., gagnvart þeim, sem fyrirtækið rekur, og skuldbinding hans á að gilda eftir að ráðningu hans við fyrirtækið er lokið, þá er sú skuldbinding ógild, ef honum er sagt upp stöðunni eða vikið úr henni, án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess, eða ef hann sjálfur fer löglega úr stöðunni sakir þess, að sá, sem fyrirtækið rekur, vanefnir skyldur sínar við hann.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

38. gr.

Nú er gildi samnings eða annars löggernings samkvæmt lögum þessum komið undir því, að sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi eigi haft eða mátt hafa vitneskju um tiltekin atvik eða að hann að öðru leyti hafi verið grandlaus, og skal þá á það lita, sem hann vissi eða mátti vita á þeirri stund, er löggerningurinn kom til vitundar honum. Þegar sérstaklega stendur á, má þó einnig lita á þá vitneskju, sem hann fékk eða mátti hafa fengið eftir þann tíma, en áður en löggerningurinn hafði áhrif um ráðstafanir hans.

39. gr.

Nú hefir maður afhent tilkynningu samkvæmt 4., 6., 9., 19., 28. eða 31. gr. laga þessara til flutnings með síma, pósti eða öðru því flutningstæki, sem gilt

7 þykir að nota, og kemur það þá eigi honum að sök, þótt þeirri tilkynningu
1. febr. seinki eða hún komist eigi til skila.

40. gr.

Lög þessi gilda eigi um löggerninga, er lúta að málefnum, sem reglur persónuréttarins, sifjaréttarins og erfðaréttarins gilda um.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

8

1. febr.

L Ö G

um erfðaábúð og óðalsrétt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Um jarðir, sem eru í eign almennings.

1. gr.

Allar jarðir og hjáleigur, sem eru í eign rikissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeygn (kristfjárjarðir, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða eða hreppssjóða), skal næst þegar þær losna úr ábúð, eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, byggja á erfðaleigu eftir lögum þessum.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna, eða til annarar opinberrar notkunar, svo og þær, er